

Nd.

716. Tillaga

til þingsályktunar nm Háskóla Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka til næsta þings, hvort ekki muni tiltækilegt að koma á kenslu í Háskóla Íslands í nokkrum fleiri fræðigreinum en þeim, sem þar eru nú kendar, til þess að ljetta á þeim deildum háskólans, sem fyrir eru, og beina stúdentum inn á fleiri brautir en embættabrautirnar.

Greinargerð.

Fyrir þinginu liggur nú frumvarp til breytinga á háskólaögunum (þskj. 439), er gengur í þá átt, að heimila einstökum deildum háskólans að takmarka þá tölu stúdenta, sem þær veita viðtöku. Orsökkin til þess, að mönnum hefir hugkvæmst að grípa til þessara örþrifaráða er sú, að sumar af deildum háskólans eiga nú orðið fult í fangi með að veita öllum þeim stúdentum fullnægjandi fræðslu, sem til þeirra sækja, auk þess sem telja má varhugavert, hve afarmargir þeirra manna, sem embættisprófi ljúka, hljóta að fara á mis við það, að geta fengið stöðu, er námi þeirra hæfir.

Til þess að bæta úr þessum vandkvæðum, má benda á tvær færar leiðir. Er önnur þeirra sú, sem farin er í frumv. því, sem áður er nefnt (þskj. 439). En hin er sú, sem hjer er farið fram á að rannsaka. Mætti benda á ýmsar námsgreindir, sem til mála gætu komið, svo sem hagfræði, lyfjafræði, kennarafræði, búvísindi og verslunarfræði. Er enginn vafi á því, að ef hagkvæm og góð kensla væri veitt í háskólanum í þessum og ef til vill einhverjum fleiri fræðigreinum, mundu fjölmargir af stúdentum þeim, sem nú standa í raun og veru uppi í vandræðum, velja þessar fræðigreindir til náms. Þeir gætu þá lokið heimspeki-prófi og gerst háskólaborgarar, eins og stúdentsmentun þeirra gefur þeim rjett til, en á hinn bóginn sveigst af nýju inn á þær brautir, er bera þá út í hið praktiska líf, í stað þess að grafast um mörg ár í erfiðu háskólanámi og standa uppi að því loknu með litlum vonum um stöðu við þeirra hæfi.

Hve langt nám þarf að vera í hverri þessari fræðigreina, og hvernig því verði fyrir komið án verulega tilfinnanlegs kostnaðar, er auðvitað rannsóknar-efnið, sem fyrir liggur.

Auk þess sem þetta myndi ljetta af hinum kenludeildum háskólans, myndi það og geta gert stórmikið gagn að öðru leyti. Það beindi vel mentuðum mönnum inn í ýmsar stjettir í þjóðfjlaginu, sem þar gætu orðið að miklu gagni. Og þetta ætti einnig að tengja hina merku stofnun, háskólann, fastar við alt þjóðlífið en nú, þegar hann er að mestu aðeins mentastofnun fyrir embættismenn.